

**Ed.**

**335. Breytingartillögur**

**[173. mál]**

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Við fyrirsögn I. kafla A. í stað „Mörk sveitarfélaga“ komi: Sveitarstjórnar-  
umdæmi.
2. Við 1. gr. í stað „Ríkið“ í upphafi 1. mgr. komi: Landið.
3. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Sveitarfélög eru þrenns konar, hreppar, kaupstaðir og sýslur.
4. Við 9. gr. Greinin ásamt fyrirsögn „B. Meðlimir sveitarfélaga“ falli niður.
5. Við 10. gr. í stað orðanna „meðlima sinna“ í B-lið komi: íbúa sveitarfélagsins.
6. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn, bæjarstjórn í kaupstöðum,  
hreppsnefnd í hreppum og sýslunefnd í sýslum.
7. Við 18. gr. Við 1. mgr. bætist nýr liður:  
d. hafa óflekkað mannorð.
8. Við 19. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans  
mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.
9. Við 21. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Formaður sveitarstjórnar nefnist oddviti.
10. Við 30. gr. Greinin orðist svo:  
Sveitarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.
11. Við 40. gr. í stað „þegn hreppsins“ í 1. mgr. komi: hreppsþúa.